

Ágætu foreldrar

Í haust hefst 132. samfellda starfsár barna- og unglingskóla á ÁlfTanesi. Í vetur eru skráðir 452 nemendur í 1.-10. bekk í 22 umsjónarhópum. Starfsmenn skólans eru 76 í 62 stöðugildum. Til samanburðar voru skólaárið 1999-2000, 35 starfsmenn og 210 nemendur í 1.-7. bekk skólans. Þá fóru nemendur 8.-10. bekkja í Garðaskóla í Garðabæ. Á þessum tíma hefur húsnæði skólans þrefaldast. En þrátt fyrir stækkað húsnæði, fjölgun nemenda og starfsmanna byggjum við á eldri grunni skólastarfs skólans og erum samheldinn hópur sem hefur að markmiði að byggja upp sjálfstæða og heilbrigða einstaklinga sem bera virðingu fyrir sjálfum sér, umhverfi sínu og samferðarmönnum.

Skólasetning ÁlfTanesskóla 2012

Skólasetning ÁlfTanesskóla fer fram í íþróttasal Íþróttamiðstöðvar fimmtudaginn 23. ágúst.

Nemendur skólans mæta til skólasetningar eftir árgöngum:

* Nemendur í 7.-10. bekk mæta kl. 09:00

* Nemendur í 4. - 6. bekk mæta kl. 09:45

* Nemendur í 2. - 3. bekk mæta kl. 10:30

* Nemendur í 1. bekk mæta kl. 12:30 á Sal skólans.

Að lokinni skólasetningu fara nemendur og foreldrar með umsjónarkennara í heimastofu og fá afhenta stundaskrá og aðrar upplýsingar. Gert er ráð fyrir 40 til 60 mínútna viðveru þennan dag. Allir innkaupalistar nemenda eru á vef skólans og fást einnig á skrifstofu hans.

Föstudaginn 24. ágúst hefst kennsla samkvæmt stundaskrá hjá öllum bekkjum nema 1. bekk. Nemendur 1. bekkjar eru með sérstöku bréfi boðaðir til viðtals hjá umsjónarkennara föstudaginn 24. ágúst.

Matur í hádegishléi

Foreldrum er boðið eins og á síðasta skólaári að kaupa fyrir börn sín skólamáltíð í hádegi. Það er Skólamaturlausn sem sér um að framleiða mat og afhenda nemendum í hádegi. Matseðlar birtast á www.skolamatur.is/skolar.

Áskriftarverð er kr. 490 fyrir hverja máltíð og greiðist fyrirfram með greiðslukorti eða greiðsluseðli. Einnig eru seldar stakar máltíðir í mötuneytinu á kr. 700. Skráning fer fram á www.skolamatur.is en þar má einnig finna nánari upplýsingar um skólamatinn. Auk þess er hægt að senda fyrirspurnir á skolamatur@skolamatur.is.



Frístund - heilsdagsskóli

Frístund er starfrækt fyrir börn sem stunda nám í 1.- 3. bekk í ÁlfTanesskóla. Frístund heyrir undir skólastjóra ÁlfTanesskóla. Frístund er í Vallarhúsi við Breiðumýri.



Umsjón með Frístund hefur Jóhanna Aradóttir. Netfang: johanna@alftanes.is og fristund@alftanes.is. Upplýsingar um starfsemina eru á heimasíðu sveitarfélagsins (www.alftanes.is) undir flípanum „þjónusta”.

Frístund er opin frá skólalokum til kl. 17:00 þá daga sem kennt er. Gjald fyrir hverja byrjaða klukkustund er 312 krónur og síðdegishressing á 150 krónur hvert skipti. Starfsemi Frístundar fylgir skóladagatali skólans, Frístund er þess vegna lokað á starfsdögum. Símar Frístundar eru 565-8525 og 821-5455

Skólatíminn

Skólinn opnar klukkan 7:45 og lokar kl:16:00 en á föstudögum er lokað kl. 14:00. Kennsla hefst sem hér segir:

* 1. - 3. bekkur kl. 8:10

* 4. - 10 bekkur kl. 8:15



Áherslumál 2012-2013

1. Innleiðing nýrrar [aðalnámskrár](#).
2. Vegvísar og vörður í 1.-6. bekk - Fjölbreyttir kennsluhættir í íslensku.
3. Bættur námsárangur í stærðfræði.
4. Útikennsla /hreyfing „Út vil eg“ sjá -heyra og finna.
5. Endurmeta og endurskoða áætlun skólans gegn einelti.



Á döfinni

Víkuna 3. - 7. september er gert ráð fyrir haustfundum með foreldrum.

Dagana 17. - 19. september eru samræmd könnunarpróf hjá 10. bekk.

Dagana 20. og 21. september eru samræmd könnunarpróf hjá 4. og 7. bekk.

Föstudaginn 19. október er vetrarleyfi í Álftanesskóla og er skólinn þá lokaður.

Mánudaginn 22. október er skipulagsdagur í Álftanesskóla. Þann dag fellur niður öll kennsla.

Þriðjudaginn 23. október eru námsviðtöl. Þá mæta nemendur með foreldrum og ræða framvindu náms við umsjónarkennara. Þann dag er Frístund lokað.